# Eldisgjald

## Vesturbyggð

Gerður Björk Sveinsdóttir



# Um Vesturbyggð

Varð til árið 1994 við sameiningu fjögurra hreppa

Sameinaðist Tálknafjarðarhreppi 2024

1.511 $km^2$

1.356 íbúar

Fjórar hafnir: Patrekshöfn,
Tálknafjarðarhöfn, Bíldudalshöfn og Brjánslækjarhöfn



# Þróun laxeldis í Vesturbyggð

FJARÐALAX

Hefur starfsemi —2009

Fyrsta slátrun —2011

Arnarlax
SUSTAINABLE ICELANDIC SALMON

2010— Stofnun

2014— Fyrsta slátrun

2016

Sameinast undir merkjum Arnarlax SUSTAINABLE ICELANDIC SALMON

2024

Arnarlax SUSTAINABLE ICELANDIC SALMON & ARCTIC FISH



# Rekstur og afkoma hafnarsjóðs 2006-2023



# Aflagjöld af eldislaxi

- Í upphafi voru innheimtar **0,8%**
- Fært í **0,6%** árið 2015
- Úr stefnuræðu bæjarstjórnar:

  *Vesturbyggð kemur myndarlega á móts við uppbyggingu fiskeldis á sunnanverðum Vestfjörðum með tímabundinni lækkun aflagjalds.*
- Ávallt var miðað við söluverðmæti fisksins.
- Sama gjaldskrá þar til ársins 2020.
- Hækkun um **0,1%** úr **0,6%** af söluverðmæti í **0,7%** af markaðsvirði eldislax samkvæmt Nasdaq.



# Dómsmálið

- Eldisfyrirtækin gerðu athugasemd við hækkunina.
- Annað fyrirtækið greiddi samkvæmt nýju gjaldskránni með fyrirvara um lögmæti hækkunarinnar en hitt greiddi miðað við eldri gjaldskrá.
- Þannig safnaðist upp skuld sem varð til þess að sveitarfélagið stefndi fyrirtækinu.
- Rök fyrirtækisins voru að um þjónustugjöld væri að ræða.
- Vesturbyggð lagði í mikla vinnu til að sýna fram á þjónustu á móti gjaldtökunni.
- Málið fór fyrir héraðsdóm.

Niðurstaðan var sú að gjalddtakan væri ólögmæt og ekki væri stoð í hafnarlögum til gjaldtökunnar.



# Hafnalögin

- Heimild til gjaldtöku á eldislaxi var óskýr.
- Skýr krafa sem haldið hafði verið á lofti af eldissveitarfélögum frá því að starfsemin hófst.
- Innheimt skv. 17. gr. e. lið.

*Aflagjald af sjávarafurðum sem umskipað er, lestaðar eru eða losaðar í höfnum. Sé gjaldið innheimt skal það vera minnst 1,25% og mest 3% af heildaraflaverðmæti. Þó skal gjaldið vera minnst 0,70% af heildaraflaverðmæti frystra sjávarafurða. Sjávarafurðir eru sjávarafli, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. skrápdýr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem eru unnin að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla.*



# Athugasemdir við frumvarpið



- Gerð athugasemd við það að það sé sett í hendurnar á hverri höfn fyrir sig að ákvaða á hvaða grunni eldisgjaldið er ákveðið.
- Lagt var til að kveðið yrði skýrt á um að eldisgjald miðist við aflaverðmæti þeirra sjávarafurða sem umskipað er, lestað eða losað í höfnum og að skilgreint yrði sérstakt hlutfall af afmælaverðmætum líkt og er varðandi aflagjöld af öðrum sjávarafurðum.
- Lagt var til að ákvæði um eldisgjald yrði eftirfarandi:

*Eldisgjald af eldisfiski í sjókvíum, þar með talin eldisseiði, sem umskipað er, lestaður er eða losaður í höfnum. Eldisgjald má miða við heildarverðmæti af eldisfiski að hámarki 3% eða þyngd eldisfisks eins og f iskurinn fer um höfnina, óslægður. Gjöld samkvæmt þessum staflið skulu greidd af þeim sem rækta eldisfiskinn sem fer um höfn hverju sinni.*

- Sambærileg umsögn var send frá Hafnasambandi Íslands og Samtökum sveitarfélaga í sjávarútvegi.

# Niðurstaðan

- Búið er að skýra heimild til gjaldtöku af lönduðum eldisfiski í lögum.
- Nýtt ákvæði um eldisgjald.
- Ekki var tekið tillit til þeirra athugasemda sem bárust um mikilvægi þess að sett yrði viðmið í lögunum um gjaldtökuna sbr. það hvernig það er gert með aflagjöld.
- Hvert og eitt sveitarfélag ákveður fyrir sig hvert eldisgjaldið á að vera.

Vandamálið er enn til staðar – þröngvar sveitarfélögum til þess að gera samninga.



# Staðan í dag

- Dómunum hefur verið áfrýjað til Landsréttar.
- Gera þarf viðeigandi breytingar á gjaldskrá hafnarinnar svo hún samræmist hafnarlögum.
- Skilgreina þarf kostnað við þjónustuna sem rökstuðning við gjaldtökuna.





# Takk fyrir

Vesturbyggd.is
vesturbyggd@vesturbyggd.is